

Nd. 78. Frumvarp til jarðræktarlaga.

Flm.: Þorsteinn Briem, Stefán Stefánsson.

I. KAFLI

Um stjórn ræktunarmála.

1. gr.

Atvinnumálaráðuneytið (landbúnaðarráðherra) hefir á hendi æðstu stjórn allra ræktunarmála.

2. gr.

Búnaðarfélag Íslands hefir á hendi umsjón með framkvæmd þeirra ræktunarmála, sem lán eða styrkur er veittur til samkvæmt lögum þessum, enda sé skipulag þess og starfsreglur í samræmi við ákvæði laganna.

3. gr.

Störf þau, sem Búnaðarfélagi Íslands eru falin í lögum þessum, annast búnaðarmálastjóri með aðstoð ráðunauta og trúnaðarmanna undir umsjón stjórnar félagsins. Greini búnaðarmálastjóra og stjórn félagsins á um, hvernig skilja beri lög og reglugerðir um þau mál, er félagið fer með í umboði ríkisvaldsins, má skjóta ágreiningnum til landbúnaðarráðherra, er fellir fullnaðarúrskurð um málið.

4. gr.

Hvert búnaðarsamband ræður trúnaðarmann (og fleiri en einn, ef nauðsyn krefur) í samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands, er hafi á hendi leiðbeiningar, mælingar, skýrslugerð og eftirlit með þeim framkvæmdum, sem styrktar eru samkvæmt lögum þessum, undir yfirstjórn Búnaðarfélags Íslands.

Búnaðarfélag Íslands gefur ráðunautum og trúnaðarmönnum erindisbréf samkvæmt lögum þessum. Búnaðarmálastjóri hefir eftirlit með því, að trúnaðarmenn ræki vel störf sín. Skál hann í því skyni fela ráðunautum Búnaðarfélags Íslands að athuga úttekt og mælingar þeirra umbóta, er styrks njóta, eftir því sem þurfa þykir. Ráðunautarnir skulu gefa skriflega skýrslu um athuganir sínar í hvert sinn.

Telji Búnaðarfélag Íslands, að starfi trúnaðarmanns sé í einhverju ábótavant, getur það óskað þess, að þegar sé úr því bætt, og ef miklar sakir eru, skál vikja honum frá starfi.

Greiðslur fyrir störf sín fá trúnaðarmenn frá búnaðarsamböndunum, eftir reglum, sem Búnaðarfélag Íslands setur í samráði við þau.

5. gr.

Í hverjum hreppi eða bæjarfélagi skál vera eitt búnaðarfélag. Heimilt er þó, að í hreppi séu tvö búnaðarfélög, ef sérstakar ástæður mæla með því og Búnaðarfélag Íslands samþykkir.

Stjórn búnaðarfélaga skál skylt að halda skýrslur og reikninga, eftir því sem stjórn Búnaðarfélags Íslands ákveður. Samrit af skýrslum þessum og reikningum skál senda hlutaðeigandi búnaðarsambandi.

6. gr.

Hver sá, er njóta vill styrks samkvæmt lögum þessum, verður að vera félagsmaður í búnaðarfélagi þess hrepps eða bæjar, þar sem hann á lögheimili. Heimilt er þó, með samþykki Búnaðarfélags Íslands, þeim bændum, er vegna landshátta eiga erfitt með að vera í búnaðarfélagi síns hrepps, að vera í búnaðarfélagi næstu sveitar.

7. gr.

Kjósa skal til búnaðarþings innan hvers búnaðarsambands. Um kosningarrétt og kjörgengi til búnaðarþings, svo og um tölu fulltrúa, fer eins og fyrir er mælt í lögum Búnaðarfélags Íslands.

8. gr.

Nú kýs Búnaðarfélag Íslands að hætta umsjón með framkvæmd þessara laga, og skal þá landbúnaðarráðherra sjá um framkvæmd þeirra á þann hátt, sem hann telur bezt henta, unz önnur skipun er þar á gerð.

II. KAFLI

Um styrk til jarðræktar og húsabóta.

9. gr.

Til framkvæmda þeirra í jarðrækt og húsabótum, sem taldar eru í þessari grein, skal greiða styrk úr ríkissjóði sem hér segir:

I. a.	Þvaggryfjur, alsteyptar úr járnþentri steinsteypu	kr. 10,00 á m ³
b.	— steyptar með vel tyrfðu járnþaki	— 5,50 —
c.	Áburðarhús, alsteypt	— 7,00 —
d.	— steypt með járnþaki	— 5,00 —
e.	— og safnþrær úr öðru efni	— 1,50 —
f.	Haugstæði með steyptu undirlagi og 1 m. veggjum	— 3,00 á m ²
II. a.	Skurðir, dýpt 1 metri og grynri	— 1,70 á 10 m ³
b.	— dýpt 1 metri til 1,5 metra	— 2,00 —
c.	— dýpt yfir 1,5 metra	— 2,50 —
d.	Lokuð grjótræsi, dýpt 1,1 metri og dýpri	— 2,50 á 10 m
e.	Viðarræsi	— 2,00 —
f.	Hnausaræsi	— 1,00 —
g.	Pípuræsi	— 2,50 —
III. a.	Þaksléttur í nýrækt	kr. 2,00 á 100 m ²
b.	Græðisléttur í nýrækt	— 1,70 —
c.	Sáðsléttur í nýrækt, eins árs jarðvinnsla	— 2,00 —
d.	— í nýrækt, tveggja ára jarðvinnsla	— 2,50 —
e.	— í nýrækt, þriggja ára jarðvinnsla	— 3,00 —
f.	Þaksléttur í túni	— 2,00 —
g.	Græðisléttur í túni	— 1,70 —
h.	Sáðsléttur í túni, eins árs jarðvinnsla	— 2,00 —
i.	— í túni, tveggja ára jarðvinnsla	— 2,50 —
j.	— í túni, þriggja ára jarðvinnsla	— 3,00 —
k.	Fullkomin endurræktun í túni, sem ekki hefir verið unnið samkv. III. d, e, i eða j lið, enda fari endurræktunarstyrkur, að fyrri styrk meðtöldum, eigi fram úr styrk fyrir þriunnar sáðsléttur	— 1,00 —
l.	Matjurtagarðar og sáðreitir úr óræktuðu landi eða þýfðu túni	— 2,00 —
m.	Grjótnám úr sáðreitum og túni	— 1,00 á m ³
IV.	Girðingar um tún og sáðreiti:	
a.	Gaddavirsgirðing fjárheld 1,10 m. og hærri	— 2,00 á 10 m
b.	Virnetsgirðing, 6 strengja net með 1 gaddavirsstreng	— 2,50 —
c.	— 5 strengja net með 2 gaddavirsstrengjum	— 2,50 —
d.	Girðingar úr öðru efni, fjárheldar	— 2,00 —

- V. a. Þurrheyshlöður steypar með steinþaki eða járnþaki kr. 1,50 á m³
 b. — úr öðru efni með járnþaki — 0,75 —
 c. Votheyshlöður úr járnbentri steinsteypu með járnþaki .. — 5,00 —
 d. — úr ójárnbentri steinsteypu með járnþaki — 3,00 —
 e. — úr öðru efni með járnþaki — 0,75 —

Ekki veitist styrkur út á minni þurrheyshlöður en 50 m³ að rúmmáli fyrir neðan ris.

Styrkur til haugstæða veitist því aðeins, að til sé nægilega stór safnþró fyrir kúþvag á býlinu.

Þar, sem grjót er verðmætt til sölu, greiðist eigi styrkur fyrir grjótnám.

10. gr.

Af styrk þeim, sem talinn er í 9. gr., renna 5% til hlutaðeigandi búnaðarfélagis til sameiginlegra félagsþarfa.

11. gr.

Nú hefir jörð eigi kúgæfan heyskap af véltæku túni eða áveitulandi, sem svarar fódurgildi meðaleftirtekju 6 ha. túns að dómi Búnaðarfélags Íslands, og greiðist ábúanda hennar þá 20% uppbót á styrk fyrir framræslu til túnræktar og fyrir sáðsléttur á árunum 1937—1947, þar til náð er greindu marki.

Ákvæði þetta nær aðeins til jarða samkvæmt skilgreiningu 1. greinar ábúðarlaga, nr. 87 19. jan. 1933, og er uppbótin því skilyrði bundin, að allur frágangur verksins, um framræslu og jarðvinnslu og annað, sé fullkominn að dómi Búnaðarfélags Íslands.

12. gr.

Hámarksstyrkur til hvers býlis má nema:

Til byggingar safngryfja og haughúsa allt að kr. 2000,00
 og til þurrheyshlöðubygginga kr. 750,00.

Hámarksstyrkur á ári til jarðræktar fyrir hvert lögbýli, sem fengið hefir innan við 6000 kr. í styrk til ræktunar, má nema allt að kr. 600,00.

Nú hefir býli fengið 6000 krónur í styrk til jarðræktar, og má árshámarkið þá nema allt að 300 krónum.

Hámarksákvæði þessi taka ekki til votheyshlöðubygginga eða framræslu.

Hámarksstyrkur á ári til einstaklinga, er eigi hafa lögbýli til ábúðar og fengið hafa innan við 3000 kr. í styrk til ræktunar, má nema allt að 300 krónum.

Hafi maður, sem eigi hefir lögbýli til ábúðar, fengið 3000 kr. í jarðræktarstyrk, má styrkurinn nema allt að 150 kr. á ári.

Nú er jörð skipt í tvö eða fleiri lögbýli, og skiptist þá upphæð þess styrks, er hún hefir fengið samkvæmt 9. og 11. grein, milli býlanna eftir mati trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands, og fer þá um framhaldsstyrk til hvers býlis samkvæmt því mati.

Séu býli sameinuð í ábúð eins manns, skal leggja saman jarðabótastyrk þann, er þau hafa notið, og veitist þeim síðan styrkur sem eitt býli væri.

13. gr.

Enginn styrkur greiðist til jarðræktar á landi, sem ætla má, að tekið verði á næstu 20 árum eftir að verkið var unnið til lóða undir hús, fiskreiti eða annars þess, sem ekki á skylt við jarðrækt.

14. gr.

Ríkissjóður greiðir Búnaðarfélagi Íslands árlegt framlag til kerfisbundinna jarðvegsrannsóknna og tilrauna í hverri grein jarðræktarinnar og í þeim jarðvinnsluaðferðum, er þar að lúta, og skal framlag þetta ákveðið í fjárlögum, að fengnum tilögum tilraunaráðs Búnaðarfélags Íslands.

Skal miða reglur um gerð og tilhögun styrkhæfra jarðabóta við niðurstöður tilraunanna, eftir því sem fært þykir á hverjum tíma.

15. gr.

Þeir ábúendur þjóðjarða og kirkjujarða, sem ekki eiga kost á ábúð samkvæmt lögum nr. 8 1. febr. 1936, um erfðaábúð og óðalsrétt, eða óska eigi að taka ábúð samkvæmt þeim lögum, mega vinna jarðarafgjaldið af sér með þeim jarðabótum, sem styrktar eru samkvæmt 9. gr., og reiknast þær þeim til afgangsgreiðslu tvöfalt hærra en nemur þeim styrk, er þeim ella bæri eftir 9. og 11. grein.

Með jarðarafgjaldi telst í þessu sambandi afgangur eftir allar landsnyttjar og hlunnindi, sem jörðu fylgja, þó metið sé sérstaklega. Um jarðabótastyrk til leiguliða á greindum jörðum fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga þessara.

III. KAFLI

Um félagsræktun.

16. gr.

Rétt eiga menn að stofna félag um:

- a. Að útvega land og framkvæma á því félagsræktun til stofnunar nýbýla eða samvinnubyggða.
- b. Að útvega íbúum kaupstaða eða kauptína og sveitaborpa land til ræktunar og framkvæma félagsræktun á því, enda sé tryggt, að dómi hreppsnefndar eða bæjarstjórnar, að hver félagsmaður geti fengið sinn hluta af ræktunarlandinu til eigin nota til eignar eða á erfðaleigu.
- c. Að koma á sameiginlegum ræktunarframkvæmdum á landi tveggja eða fleiri lögbýla, þar sem aðstaða við framræslu lands eða jarðvinnslu gerir félagsræktun æskilega, að dómi Búnaðarfélags Íslands.

Jarðræktarfélag, sem ekki geta heyrt undir a-, b- og c-lið þessarar greinar, skulu því aðeins njóta þess réttar, er 17. gr. áskilur þessum félögum, að þau hafi eignarumráð eða varanleg leiguliðanot á landi til ræktunar, að í samþykkt sé ákveðin aðstaða hvers einstaks félagsmanns til ræktunarinnar, og að Búnaðarfélag Íslands mæli með því, að félögunum sé veittur sá réttur.

17. gr.

Þau félög, sem stofnuð eru samkvæmt þeim tilgangi, er í 16. gr. getur, og fullnægja að öðru leyti skilyrðum laga þessara, skulu njóta styrks fyrir hvern félagsmann samkv. ákvæðum 9. gr. þessara laga.

18. gr.

Þeir, er hafa ákveðið að stofna félag samkvæmt 16. grein, skulu á stofnfundi setja því samþykkt.

Í samþykkt skulu vera ákvæði um:

- a. Nafn félagsins, heimilisfang þess og varnarþing.
- b. Markmið félagsins og fyrirhugaðar framkvæmdir.
- c. Atkvæðisrétt á félagsfundum, vald og verksvið félagsfunda, skilyrði fyrir lögmati þeirra og hvenær aðalfundur félagsins skuli halda ár hvert.
- d. Hvernig stjórn skuli skipuð og vald hennar í félagsmálum, svo og um kosninga-tilhögun og kjörtímabil.
- e. Hverjar landareignir félagið hafi til umráða, ef fengnar eru, svo eigi verði um villzt.
- f. Reikninga, bókhald félags og endurskoðun.
- g. Sjóðstofnanir og heimildir til lántöku.
- h. Ábyrgð meðlima vegna skuldbindinga félagsins.

i. Breytingar samþykktá, viðauka þeirra og félagsslit og hvernig eignum félagsins skuli ráðstafað.

Samþykkt félags skal vera staðfest af atvinnumálaráðuneytinu, að fenginni umsögn Búnaðarfélags Íslands.

19. gr.

Ræktunarfélög, stofnuð samkvæmt ákvæðum þessara laga, skulu skrásett. Atvinnumálaráðuneytið ákveður, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, hvernig skrásetning skuli haga, og lætur gera eyðublöð undir tilkynningar til skrásetningar.

20. gr.

Nú er félag stofnað samkvæmt ákvæðum þessa kafla, en nauðsynlegt þykir vegna félagsræktunarinnar, að dómi Búnaðarfélags Íslands, að gera framræsluskurði, eða annað jarðrask á landi jarðar utanfélagsmanns, og skal félaginu þá heimilt að láta vinna verkið, enda fari um framkvæmd þess og bætur eftir ákvæðum vatnalaga.

21. gr.

Nú þykir hreppsnefnd hætta á, að þau ræktunarlönd, er í 16. gr. getur, komist við eigendaskipti á fárra manna hendur, svo að þrengist um ræktunarlönd fyrir aðra hreppsþúa, og getur hún þá fyrir hönd hreppsins krafizt forkaupsréttar á löndunum, á sama hátt og lög mæla fyrir um forkaupsrétt á jörðum.

Bæjarstjórnir í kaupstöðum hafa og sama rétt að því er tekur til ræktunarlanda innan lögsagnarumdæmis kaupstaðar.

IV. KAFLI

Um verkfærakaupasjóð.

22. gr.

Greiða skal árlega úr rikissjóði til verkfærakaupasjóðs kr. 80000,00. Upphæð þessi skiptist milli allra hreppabúnaðarfélaganna, að hálfu eftir iögbýlafjölda og að hálfu eftir tölu jarðabótamanna í búnaðarfélagunum ár hvert.

Sú upphæð, er sjóði hvers hreppsbúnaðarfélags ber samkvæmt því, er að ofan getur, skal vera séreign hvers félags.

23. gr.

Tilgangur sjóðsins er að létta undir með bændum, einstökum eða fleirum í félagi, svo og búnaðarfélagum til að eignast vélar og verkfæri, sem í 1.—4. lið 24. gr. getur. Heimilt er og að veita kvenfélögum styrk úr sjóðnum til kaupa á áhöldum, sem tilgreind eru í 3. lið 24. gr.

24. gr.

Heimilt er að leggja fram fé úr sjóðnum til kaupa á:

1. Hestaverkfærum til jarðyrkju, forardælum, verkfærum til grjótnáms, svo og vélum og verkfærum vegna garðyrkju og kornræktar.
2. Heyvinnuvélum, svo sem sláttuvélum, rakstrarvélum, snúnings- og múgavélum.
3. Tóvinnuvélum til heimilisiðnaðar, svo sem handspunavélum, prjónavélum og vefstólum.
4. Dráttarvélum með tilheyrandi verkfærum, svo og minni skurðgröfum.

Styrkurinn nemi allt að helmingi af kaupverði þeirra verkfæra, er talin eru í 1. og 2. tölulið þessarar greinar, en allt að $\frac{1}{3}$ af kaupverði vélanna eða verkfærunna, sem talin eru í 3. og 4. tölulið.

Skulu þeir bændur jafnan ganga fyrir um styrkveitingu, sem áður hafa fengið minnstan styrk.

25. gr.

Styrkur til kaupa á dráttarvélum og skurðgröfum veitist aðeins búnaðarfélögum, einu eða fleirum í félagi.

Er styrkurinn þessum skilyrðum bundinn:

1. Að Búnaðarfélag Íslands telji áhöldin félaginu nauðsynleg.
2. Að áður sé fullnægt beiðnum um styrk á þeim verkfærum, er í 1.—3. lið 24. gr. getur.
3. Að kaupin hafi verið samþykkt á almennum fundi í hlutaðeigandi félagi eða félögum.
4. Að félagið tryggji sér nauðsynleg hús yfir áhöldin, starfræki þau og selji þau ekki til einstakra manna eða félaga, nema með samþykki félagsfundar og Búnaðarfélags Íslands.

26. gr.

Umsóknir um styrk úr sjóðnum skal senda stjórn hlutaðeigandi búnaðarfélags, sem ritar þær, ásamt álitni sínu, í gerðabók félagsins, og sendir þær svo, ásamt umsögn sinni, til Búnaðarfélags Íslands, sem fellir fullnaðarúrskurð um umsóknirnar og útvegar verkfærin.

27. gr.

Nú er fé fyrir hendi í verkfærakaupasjóði, og er þá Búnaðarfélagi Íslands heimilt að veita þeim búnaðarfélögum, er þess hafa sérstaklega þörf, lán úr sjóðnum til verkfærakaupa. Upphæð lánsins má nema allt að tveggja síðustu ára tillagi til hlutaðeigandi búnaðarfélags úr sjóðnum. Lánin skulu að fullu endurgreidd á næstu tveim árum.

28. gr.

Reikningshald verkfærakaupasjóðs og innheimtu lána hans annast Búnaðarfélag Íslands, og lætur það hverju búnaðarfélagi árlega í té samrit af viðskiptum þess við sjóðinn. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Búnaðarfélags Íslands.

V. KAFLI

Um vélasjóð.

29. gr.

Ríkið kaupi, starfræki og geri tilraunir með vélknúnar jarðræktarvélur og skurðgröfur, sem ætla má, að hæfi hérlendum staðhättum, að dómi Búnaðarfélags Íslands.

30. gr.

Ríkið greiði vélasjóði nú þegar 50000 krónur.

Skoðast þetta sem stofnfé sjóðsins, ásamt núverandi eignum hans.

Auk þess greiðir ríkissjóður vélasjóði rekstrarframlag, sem ákveðið skal árlega í fjárlögum.

31. gr.

Heimilt er að verja nokkru af stofnfé sjóðsins til útlána vegna vélakaupa í þágu landbúnaðarins. Setur landbúnaðarráðuneytið reglur um lánastarfsemi sjóðsins, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

Því, sem ekki er varið til útlána af stofnfé sjóðsins, skal einungis varið til kaupa á vélum þeim, sem í 29. gr. getur, og til starfrækslu þeirra, meðan tilraunir standa yfir.

32. gr.

Kaup á stórum skurðgröfum til tilrauna skulu því aðeins gerð, að þörf sé á þeim til meiri háttar framræslu og þurrkunar, að dómi Búnaðarfélags Íslands.

Nú reynist skurðgrafa nothæf, og skal þá ríkissjóður kaupa hana af vélasjóði.

33. gr.

Búnaðarfélag Íslands hefir umsjón og eftirlit með skurðgröfum ríkisins, en atvinnumálaráðuneytið setur reglur um starfrækslu þeirra, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

Búnaðarfélag Íslands annast kaup á vélum og skurðgröfum fyrir vélasjóð og sér um, að þær verði reyndar til hlitar.

34. gr.

Landþurrkunar- og áveitufélag, sem stofnað er samkvæmt fyrirmælum vatnalaga, nr. 15 20. júní 1923, 4. og 8. kafla, hefir rétt til að fá eina eða fleiri af skurðgröfum ríkisins lánaðar, svo fljótt sem ástæður leyfa, enda hagi svo til, að hentugt sé að nota þar skurðgröfu, að dómi Búnaðarfélags Íslands.

Ríkið lánar skurðgröfurnar án endurgjalds, greiðir allan kostnað af flutningi þeirra milli vinnustaða og felur Búnaðarfélagi Íslands umsjón með rekstri og viðhaldi þeirra.

35. gr.

Af kostnaði þeim, er leiðir af starfrækslu skurðgrafanna, þar með talið nauðsynlegt viðhald þeirra, varahlutir og váttrygging, greiðir ríkissjóður $\frac{1}{3}$, en $\frac{2}{3}$ skulu landeigendur leggja fram sjálfir, eða útvega, um leið og verkið er framkvæmt.

Verk þau, sem styrkt eru af ríkinu á þennan hátt, njóta ekki styrks samkvæmt II. kafla þessara laga.

36. gr.

Allar nothæfar vélar sjóðsins, aðrar en þær, er í 32. gr. getur, skal félögum eða einstaklingum gefinn kostur á að eignast með sanngjörnu verði.

37. gr.

Búnaðarfélag Íslands hefir á hendi reikningshald vélasjóðs. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Búnaðarfélags Íslands.

VI. KAFLI

Um búferlaflutning.

38. gr.

Búnaðarfélag Íslands felur trúnaðarmönnum sínum að athuga og gefa skýrslur um þær jarðir, sem þeir telja, að séu í sérstaklega mikilli hættu fyrir jarðspjöllum, svo sem sandfoki, skriðufalli, jökulhlaupi eða landbroti o. s. frv.

Ennfremur skulu þeir gefa skýrslur um þær jarðir, sem liggja mjög illa við samgöngum, eða eru sérlega óhægar til búrekstrar.

39. gr.

Nú þykir Búnaðarfélagi Íslands skýrslur trúnaðarmanna bera það með sér, að jarðir séu sérstaklega athugasemjaverðar sem framtíðarþýli, og skal það þá fela einhverjum starfsmanni sínum, ásamt trúnaðarmanni hlutaðeigandi búnaðarsambands og formanni búnaðarfélags hlutaðeigandi hrepps, að rannsaka ýtarlega ásigkomulag umræddra jarða og allt það, er þeir telja, að máli skipti, eftir nánari fyrirmælum Búnaðarfélags Íslands.

Skýrslur nefndarinnar skal senda hlutaðeigandi hreppsnefnd og sýslunefnd til umsagnar. Leita skal og umsagnar vegamálastjóra og póst- og símamálastjóra um, hvort æskilegt megi telja, að byggð sé haldið við á jörðum þessum vegna gistingar fyrir ferðamenn, eða síma- eða vegaeftirlits.

40. gr.

Telji Búnaðarfélag Íslands, að loknum þessum rannsóknum og að fengnu álitum þeirra aðilja, er í 39. gr. getur, að jörð eða býli geti ekki talizt byggilegt til fram-
búðar, skal það leggja málið fyrir ráðherra, sem ákveður, hvort veita skuli fram-
vegis styrk samkv. II. kafla laga þessara til umbóta á jörðinni.

Ekki má þó svipta jörð ræktunarstyrk gegn tillögum hreppsnefndar og sýslu-
nefndar.

41. gr.

Þegar ábúandi þeirrar jarðar, sem svipt hefir verið jarðabótastyrk samkvæmt
40. gr., flytur burt á aðra jörð eða stofnar nýbýli og jörðin leggst í eyði, er honum
rétt að láta úttektarmenn meta hús hans á jörðinni til söluverðs. Nú reynist mat
þetta undir fasteignamatsverði húsanna, og greiðir rikissjóður þá ábúanda verð-
muninn. Vilji ábúandi reisa nýbýli, skal rikissjóður og gefa honum kost á nægilegu
landi, að dómi Búnaðarfélags Íslands, til afgjaldslausrar lífstiðarábúðar.

Nú fellur ábúandinn eða ekkja hans frá innan 30 ára frá því, er hann tók ný-
býlislandið til ábúðar, og skal þá sá niðji hans eða erfingi, er tekur við ábúð þess,
hafa landið afgjaldslaust það sem eftir er tímans.

Að öðru leyti fer um ábúð og leigu á landinu eftir lögum nr. 8 1. febrúar 1936,
um erfðaábúð og óðalsrétt.

VII. KAFLI

Um erfðaleigulönd.

42. gr.

Bæjarstjórnir í kaupstöðum og hreppsnefndir í kauptúnum, sem eru sérstök
sveitarfélög, skulu áður en eitt ár er liðið frá því að lög þessi öðlast gildi, láta fara
fram endurskoðun á leigumála allra ræktunarlóða í opinberri eign, sem leigðar hafa
verið á erfðaleigu innan takmarka umdæmisins. Skulu þeir færðir til samræmis við
ákvæði laga þessara, eftir því sem við verður komið, samkvæmt reglum, er Búnað-
arfélag Íslands setur.

43. gr.

Búnaðarfélag Íslands getur falið bæjarstjórnnum í kaupstöðum og hreppsnefnd-
um í kauptúnum að gefa skýrslur um land það, sem að álitum þeirra liggur bezt við
til ræktunar innan takmarka kaupstaðarins eða kauptúnsins, og eigi eru líkur til,
að á þurfi að halda til byggingarlóða eða annara framkvæmda en ræktunar. Þegar
þjóðjörð eða kirkjujörð liggur að landi kaupstaðar eða kauptúns, ná þessi ákvæði
einnig til hennar. Skýrslum þessum skulu fylgja þær upplýsingar, sem Búnaðar-
félag Íslands tiltekur.

44. gr.

Að fengnum skýrslum þeim, er í 43. gr. getur, gerir Búnaðarfélag Íslands, eins
fljótt og verða má, uppdrátt af landinu og tillögur um skipulag til ræktunar og hag-
nýtingar þess.

Afrit af uppdrætti með tillögum um lagning vega og framræslukerfis (vatns-
æða) og skiptingu landsins, svo og tillögur um fyrirkomulag ræktunar og hagnýt-
ingar þess, sendir Búnaðarfélag Íslands bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

45. gr.

Nú er land, sem hæft er til ræktunar, í námunda við kaupstað, kauptún eða
þorp, og íbúana skortir land til þeirra afnota, og skal þá hlutaðeigandi bæjarstjórn
eða hreppsnefnd hlutast til um að fá landið.

Nú takast ekki samningar um kaup eða leigu á landinu, og getur ráðuneytið
þá veitt bæjarstjórn eða hreppsnefnd heimild til að taka landið leigu- eða eignar-
námi, ef Búnaðarfélag Íslands telur það nauðsynlegt og mælir með því. Fer um

framkvæmd þess samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917, um framkvæmd eignarnáms.

Nú er landið í öðrum hreppi, eða utan lögsagnarumdæmis kaupstaðarins, og verður það þá ekki tekið eignarnámi án samþykkis hlutaðeigandi hreppsnefndar, nema sérstök lagaheimild komi til.

46. gr.

Heimild sú til eignarnáms, sem gefin er í 45. gr., nær ekki til þess lands, sem eigandi eða ábúandi hefir ræktað, né til þess lands, sem eigandi hefir léð öðrum til ræktunar, eigi heldur til þess hluta af óræktuðu en ræktanlegu landi, sem að dómi Búnaðarfélags Íslands er eiganda eða ábúanda nauðsynlegt að taka til ræktunar, svo tryggð sé aðstaða þeirra til búrekstrar framvegis á jörðinni.

Eigi nær eignarnámsheimildin heldur til þess lands, sem fornminjar eru á, eða sérstök náttúruprýði, sem skylt er að vernda.

47. gr.

Lönd, sem tekin eru til ræktunar samkvæmt 45. gr., skulu seld á erfðaleigu. Þegar leigusamningur er gerður, skulu metin þau verðmæti, er leigusali á i leigulandi og umbótum á því, þegar það er afhent leigutaka, enda samþykki Búnaðarfélag Íslands matið. Skal árgjald vera 3% af afgangsskyldu verðmæti leigusala á landinu. Nú gerir leigusali síðar umbætur á því á sinn kostnað, og má hann þá leggja á leigutaka árlegt mannvirkjagjald, er má nema allt að 5% af matsverði mannvirkjanna.

Með umbótum á landi teljast í þessu efni girðingar, framræsluskurðir og önnur mannvirki vegna ræktunarinnar, að svo miklu leyti sem leigutaki hefir þeirra not, að dómi Búnaðarfélags Íslands.

Réttur til erfðaleiguabúðar á löndum þessum erfist samkvæmt lögum nr. 8 1. febr. 1936, III. kafli 24. gr., um erfðaábúð og óðalsrétt, með þeim takmörkunum, er segir í lögum þessum.

48. gr.

Um erfðaleigulönd skal jafnan gerður skriflegur samningur, og er leigutaka skylt að láta þinglýsa honum á sinn kostnað.

Í erfðaleigusamningi skulu meðal annars felast þessi ákvæði:

1. Stærð og lega erfðaleigulands, enda fylgi samningnum uppdráttur af landinu, eða tilvisun í tölumerki á uppdrætti í vörslum hreppsnefndar eða bæjarstjórnar.
2. Á hve löngum tíma landið skuli fullræktað. Hvernig mannvirkjum skuli við haldið og hverjum vitum vanefndir varða.
3. Hvert sé frumverð landsins samkvæmt 47. gr., þegar landið er leigt.
4. Um réttindi og skyldur leiguhafa samkvæmt 49.—52. gr. laga þessara.

49. gr.

Í erfðaleigusamningi, samkvæmt 47. og 48. gr., skal áskilið, að leiguhafa sé skylt að láta af hendi erfðaleigurétt sinn að nokkru eða öllu leyti, ef nota þarf landið undir opinber mannvirki ríkis, hrepps eða bæjarfélags, svo og til sundurskiptingar í byggingarlóðir, til fiskreita eða annars atvinnurekstrar en ræktunar. En greiða skal þá leiguhafa fyrir leiguréttindi sín, svo og fyrir kostnað hans við ræktun og mannvirki á landinu, að frádreginni fyrningu, og skal hvorttveggja fara eftir mati, nema öðruvísi semji.

Nú krefst ríki eða leigusali meira af landinu en $\frac{1}{4}$ hluta þess, og getur leiguhafi þá krafizt, að allt landið verði tekið með þeim mannvirkjum, sem á því eru, eftir mati.

50. gr.

Með þeim takmörkunum, sem felast í 48. og 49. gr., getur leigutaki selt rétt sinn og veðsett. Þó má hann aldrei veðbinda leigulandið fyrir hærri fjárhæðum en sem nemur verðmæti þeirra mannvirkja, er hann á á landinu.

51. gr.

Land, sem tekið er til ræktunar eftir fyrirmælum þessa kafla, skal leigutaki rækta á eigi lengri tíma en 10 árum, enda sé a. m. k. tíundi hluti ræktunarmannvirkjanna unninn á ári hverju að meðaltali, nema gildar ástæður hamli, að dómi Búnaðarfélags Íslands. Að öðrum kosti fellur landið aftur til eiganda, enda greiði leigusali þá leiguhafa helming af framlögðum ræktunarkostnaði eftir mati, að frá-dreginni fyrningu.

52. gr.

Erfðaleigulönd þessi má einungis nota til jarðræktar, að undanskildu svæði, sem þarf til íbúðarhúss, útihúsa og peningshúsa leigutaka.

Hreppsnefnd eða bæjarstjórn setur, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, reglur um framræslu og viðhald ræktunarmannvirkja á erfðaleigulöndum, og er leiguhafa skylt að fylgja þeim. Nú vanrækir leiguhafi að fylgja settum reglum í þessu efni, og getur leigusali þá látið bæta úr því á kostnað leiguhafa, ef honum þykir nauðsynlegt vegna afnota annara af nærliggjandi leigulöndum. Gjöld, er af því leiðir, má taka lögtaki.

53. gr.

Nánari reglur um erfðaleigulönd skal setja með sérstakri reglugerð, er ráðherra gefur út, að fengnum tillögum frá Búnaðarfélagi Íslands.

VIII. KAFLI

Almenn ákvæði.

54. gr.

Sá, er segir Búnaðarfélagi Íslands eða trúnaðarmanni þess vísitandi rangt til um framkvæmdir og gerð þeirra mannvirkja, er styrks eiga að njóta samkv. II. og III. kafla, eða brýtur að öðru leyti ákvæði þessara laga í einhverju því, er verulegu máli skiptir, skal sæta sektum frá 10—500 krónum, og ef það er gert í eigin hagsmunaskyni, má þvingja refsinguna um helming.

Brjótí trúnaðarmaður eða annar starfsmaður Búnaðarfélags Íslands þær reglur, er honum eru settar í erindisbréfi vegna þessara laga, eða fari ekki eftir fyrirmælum laga þessara eða reglugerðar, skal hann sæta sömu refsingu er að ofan getur, nema þvingri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum.

Með mál út af brotum á þessari grein skal farið sem almenn lögglumál.

55. gr.

Ráðherra gefur út reglugerð um nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

56. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin jarðræktarlög nr. 101 23. júní 1936, svo og önnur þau lagafyrirmæli, er koma í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Frv. þetta hefir að aðalefni til verið flutt á undanfarandi þingum.

Jarðræktarlögin voru upphaflega til þess sett að auka þjóðarauðinn með nýju landnámi og jafna aðstöðumuninn í atvinnulífi þjóðarinnar.

Aðrar aðalatvinnugreinar þjóðlífsins, sjávarútvegur og iðnaður, höfðu þá öðl-azt aðstöðu til þess að færa sér í nyt þá stórauknu tækni, sem aðrar þjóðir höfðu aflað sér í þeim atvinnugreinum. Þær gátu því þá ekki aðeins veitt þeim atvinnurekendum sjálfum meiri tekjur og arð til greiðslu vaxta og afborgana af lánum, heldur og greitt starfsfólkinu hærri laun, a. m. k. að krónutali. Hinsvegar höfðu sveitirnar

nær enga aðstöðu til þess að taka vélar og nýtzikutækni í sína þjónustu, vegna þess að landið var í rauninni ónumið í nútíma skilningi. En það hefir hvergi annarsstaðar tekizt einni og sömu kynslóð að nema land að fullu, þ. e. að gera hvorttveggja samtímis að rækta landið og reisa þar nauðsynleg hús við hæfi nútímans án opinberrar aðstoðar. Í margra augum gáfu þær atvinnugreinir, sem reknar voru í margmenninu, einnig af öðrum ástæðum glæsilegri vonir um bætt lífskjör.

Þessi stórfelldi aðstöðumunur landbúnaðarins gagnvart öðrum atvinnugreinum stefndi því beint til þess, að landbúnaðinum blæddi út.

Manntalið frá 1920 sýndi ljóslega, hvert stefndi, því að þá hafði búendum og öðrum framfærendum af landbúnaði fækkað úr 20819 manns 1910 um 5448 manns, niður í 15371, eða um fullan $\frac{1}{4}$ á einum áratug, að búendum í bæjum og kaupþúnum meðtöldum.

Sveitabændum og því fólki, sem í sveitum lifir, fækkaði að visu eigi svo ört. Árið 1910 eru 57719 manns, eða 67,8% af landsfólkinu, í sveitum, en 1920 eru þar 54245 manns, eða 57% af þjóðinni, og er því hlutfallsleg fækkun sveitafólksins tæpur sjöttungur.

Þetta sýnir, að bændum og öðrum framfærendum af landbúnaði hefir á þessu árabili mest fækkað í bæjum og kaupþúnum, eða meðal þeirra, sem áttu hægst um valið milli landbúnaðar og annara atvinnugreina.

Hinsvegar hefir tryggðin til föðurtúna og óhægari aðstaða til umskipta haldið sveitabændunum betur við sinn fyrri atvinnuveg.

Árið 1930 hefir búendum og öðrum framfærendum af landbúnaði fjölgað aftur upp í 17459 manns, eða um 2088 manns frá 1920. Hinsvegar hefir mannfjöldi í sveitum minnkað úr 54245 niður í 50475, eða um 3770 manns á sama tímabili.

Sýnir það ekki aðeins, hve þeir menn, sem landbúnað stunda, hafa orðið að draga við sig launað starfsfólk, heldur og, að þessi fjölgun framfærenda af landbúnaði er mestöll í bæjum og kaupþúnum, og munu flestir þeirra þá styðjast við önnur störf jafnframt, svo sem daglaunavinnu og fiskveiðar.

Ef treysta má því, er segir í greinargerð fyrir frv. til nügildandi jarðræktarlaga, þá hefir styrkur samkv. II. kafla jarðræktarlaganna, árin 1924—1934, numið í sveitum og smáþorpum um 3,4 milljónum samtals. Á sama tíma hefir styrkur fyrir jarðbætur í öðrum kaupþúnum og í kaupstöðunum numið alls um 660 þús. kr., eða um 19,4% af öllum styrk til sveitanna og smáþorpanna.

Að því er næst verður komizt er túnastærð kaupstaða og kauptúna um 3600 ha., eða um 11 $\frac{1}{4}$ % af allri túnastærð landsins. En þar af hafa um 2500 ha., eða um 69,4%, verið ræktaðir síðan jarðræktarlögin 1923 gengu í gildi.

Öll nýrækt landsmanna á þessu tímabili er um 10400 ha., en þar af er um 25% í kaupstöðum og kaupþúnum. Kemur þá í ljós, að nýræktin, sem er 69,4% af túnastærð kaupstaða, er aðeins 7900 ha., eða 27,8% af allri túnastærð í sveitum.

Virðist mega draga af þessu þá ályktun, að jarðræktarstyrkurinn hafi valdið meiri straumhvörfum í ræktun til sjávar en sveita, og því komið framfærendum af landbúnaði í kaupstöðum og kaupþúnum að tiltölulega enn meiri notum en sveitabændum yfirleitt. Liggja til þess ýmsar orsakir: Hægari markaðsaðstaða, og aðstaða um leiðbeiningar og félagsstarf, og þó einkum stór aðstöðumunur um notkun vinnuvéla og vinnukraft, og um tekjur af annari atvinnu.

Hin mikla ræktun út frá bæjum og þorpum hefir aukið þjóðarauðinn og bætt lífskjör fjölda manna við sjávarsíðuna að miklum mun, einkum nú á kreppeárunum. En ef ræktunin hefði vaxið tiltölulega jafnmikið til sveita og við sjó, ætti tünasléttuninni að vera nálega lokið og nýræktin meira en tvöföld við það, sem hún nú er.

Það er þá ljóst, að sveitirnar hafa ekki haft fjárhagslega aðstöðu til þess að nota sér almennt jarðræktarstyrkinn að tiltölu við kaupstaði og kaupþún. Með jarðræktarlögunum hefir að visu tekizt að draga mjög úr þeirri blæðingu sveitanna, sem orðið hefði ella. En það hefir ekki tekizt að stöðva þá blæðingu. Enn er árleg mannfækkun í sveitunum, þrátt fyrir mikla mannfjölgun þjóðarinnar allrar.

Hversu sjávarþorp og kaupstaðir eru við því búnir að taka við fólksfjölgun frá sveitunum, auk sinnar eigin eðlilegu fjölgunar, má m. a. ráða af hinum síhækkandi atvinnuleysingjaskýrslum. Og þótt þar sé um ýmsa möguleika að ræða til aukningar í iðnaði og sumum greinum sjávarútvegs, þá mun þykja allvel á haldið, ef sú aukning gerir meira en að veita þeim mönnum, er þar vaxa upp árlega til viðbótar, nægilega atvinnu.

Vegna sjálfra bæjanna og kauptúnanna og vegna þjóðarheildarinnar allrar þarf því að vinna kappsamlegar, eigi aðeins að því, að blæðing sveitanna stöðvist, heldur og að þær fái haldið sem mestu af því fólki, sem þar vex upp. En til þess þarf sú framleiðsla, sem þar er stunduð, fyrst og fremst að geta borið full vinnulaun, bæði framleiðendum sjálfum og starfsfólki þeirra. Til þess eru tvær leiðir. Önnur er verðhækkun afurðanna. Hin er lækkun framleiðslukostnaðar. Eftir þessum leiðum báðum þarf að stefna að markinu. Og mun þá hin síðari meira á voru valdi og öruggari til frambúðar.

Ef litið er á nauðsyn þess að lækka framleiðslukostnað landbúnaðarafurða, verður kostnaðurinn við öflun heyjanna fyrst fyrir augum. Verður þá ekki komizt framhá þeirri staðreind, að heyöflun á óræktuðu landi gefur eigi þann arð yfirleitt, er svari fullum vinnulaunum við heyskap og hirðingu búfjár. Er það staðfest af þeirri reynslu, að fjöldi bænda, jafnvel á allstórum jörðum, neyðist til að vera einyrkjar allt árið, af því að búskapurinn fær á engan veg borið sig ella. Af búreikningum, sem búreikningaskrifstofa ríkisins hefir haft til meðferðar úr einu af hinum beztu útheyskaparhéruðum landsins, kemur í ljós, hver munur er á vinnukostnaði við heyöflun á túni og útslægjum jafnvel í góðsveitunum. Samkvæmt þeim búreikningum hefir vinnukostnaður á heyhest (100 kg.) verið þessi af meðaltali:

	1933	1934
Taða	kr. 2,26	2,49
Úthey	— 2,61	2,81

Ef gert er ráð fyrir, að 3 útheyshestar séu að fóðurgildi á móti hverjum 2 töðuhestum, þá verður vinnukostnaður á sama fóðurgildi rúmlega 70% meiri á útslægjum en túni. Mun það láta nærri almennt, þegar flæðiengjar og aðrar afburðaslægjur eru frá teknar. En á fjölda jarða verður munur á fóðurgildi og vinnukostnaðarmunur enn meiri, þó þess sé ekki gætt, hve afurðir búfjárins eru yfirleitt miklu tryggari með töðugjöf.

Ræktunin verður því stórlega að aukast, og hinn lakari útslægjuheyskapur að minnka eða hverfa að sama skapi.

Öll tún á landinu eru talin 32000 ha. Þar af 3600 ha. í kaupstöðum, en 28400 ha. í sveitum. Þar sem um 70% af kaupstaðatúnunum eru nýrækt og þar er minna horft í áburðarkaupin, má þar gera ráð fyrir meiri uppskeru. Og mun því töðufall af sveitatúnunum ekki ná 1 milljón hestburða alls, miðað við búnaðarskýrslur frá árinu 1935.

Allur útheyskapur landsmanna er nú um 1 milljón hestburða, og er sá heyskapur allur í sveitunum. Mun það vel í lagt, að fjórðungur þess heymagns sé af áveituengjum, eða öðrum engjum svo grasgóðum, að arð gefi fram yfir vinnulaun. Þá eru eftir 750 þúsund hestburðir heys af svo lélegum slægjum, að engan arð gefa, og jafnvel tap, ef vinna þarf að þeirri heyöflun með aðkeyptum vinnukrafti.

Um s. l. aldamót mun túnastærð á landinu hafa verið um 17800 ha. Jarðabóta-skýrslur bera með sér, að um 9400 ha., eða meira en helmingur þeirra túna, er til voru um aldamót, eru enn ósléttuð. Nokkuð af þeim túnunum er að visu slétt frá náttúrunnar hendi. En fullyrða má, að eigi sé minna af fyrstu tünasléttum aldarinnar orðið þýft aftur. Veldur þar um ónóg framræsla og eðlileg vankunnátta í byrjun um vinnsluaðferðir og viðhald.

Um s. l. aldamót er meðaltöðufengur talinn um 30 hestburðir af ha., og mun síst að vænta meiri töðufengs almennt af þeim hluta túnanna, sem enn er þýfður, þótt

meðaleftirtekja af öllum tünnum landsins sé nú um 40 hestburðir af ha. Verður eftirtekjan af þýfðu tünunum þá um 280 þús. hestburðir alls.

Nú mun mjög orka tvímælis, hvort þessi hluti tünanna gefur arð, ef miðað er að öllu við aðkeypta vinnu. Skársta tünþýfið mun gefa arð sem svarar vinnulaunum, en hið lakara ekki, ef allur kostnaður er með talinn.

Af þeim 2 milljónum heyhesta, sem aflað er árlega í sveitum landsins, er þá um 1 milljón hesta, eða helmingur, fenginn af lélegum útslæggjum og þýfðu túni, sem vart borgar full vinnulaun, miðað við aðkeyptan vinnukraft.

Fullt kaup fyrir vinnu sína fær þá meðalbóndinn og skyldulið hans aðeins meðan verið er að nytja það af tünunum, sem fullræktað er. En um helming allra heyja og meira verður meðalbóndinn að afla með undirmálskaupi fyrir sjálfan sig og skyldulið sitt. Má það ljóst vera, að framleiðslukostnaður fær eigi lækkað meðan svo er. Eitt hið allra fyrsta, sem vinna þarf að, er því að auka það land, sem gefur full vinnulaun. Er þá fyrst fyrir að fullslétta túnin, sem þegar eru til.

Með núgildandi jarðræktarlögum er í þessu efni sporið stigið aftur á bak, þar sem styrkurinn fyrir tünasléttur er lækkaður, jafnvel hjá þeim, sem minnst hafa áður ræktað og versta hafa aðstöðu. Úr þessu er hin mesta nauðsyn að bæta nú þegar. Og er það ein ástæðan til þess, að þetta frv. er flutt.

Hér er því lagt til, að styrkur fyrir allar sæmilega vandaðar tünasléttur verði eigi lægri en hann áður var, og jafnframt gert ráð fyrir hækkun frá því, sem var áður, á styrk á fullunnar og vandaðar sáðsléttur, en styrkur fyrir sáðsléttur með eins árs jarðvinnslu aftur lækkaður að sama skapi. Sú reynsla er m. a. staðfest af hinum merku tilraunum Ræktunarfélags Norðurlands, að sáðsléttur gefa stórum mun betri arð en aðrar sléttur. Sýna tilraunir Ólafs Jónssonar í Ræktunarstöðinni við Akureyri, að með sama áburðarmagni gefur sáðslétta úr óræktarmóa $\frac{1}{3}$ meiri eftirtekju en þakslétta og $\frac{1}{2}$ meira en græðislétta á 2.—4. ári, ef notaður er tilbúinn áburður, en tæpum $\frac{2}{3}$ meira en þakslétta og rúmum $\frac{2}{3}$ meira en græðislétta, ef venjulegur áburður er notaður. Sáðslétta úr tünþýfi gefur hinsvegar með tilbúnum áburði $\frac{3}{4}$ meiri uppskeru en þakslétta og tæplega $\frac{1}{2}$ meira en græðislétta á 2.—4. ári með sama áburði. Með venjulegum áburði gerir sáðsléttan $\frac{1}{4}$ betur en þaksléttan og $\frac{3}{8}$ betur en græðisléttan, þó í túni sé.

Kostnaðarmunur er hinsvegar allverulegur á sáðsléttu og græðisléttu, og er því lagt til, að nokkur hluti þess aukakostnaðar komi fram í styrk, þegar um sáðsléttur með þriggja ára jarðvinnslu er að ræða.

Því meiri arð gefur ræktunin, því betur endist hún og því minni er áburðarþörfin, sem framræslan er meiri og jörðin oftast unnin. En hingað til hefir enginn munur verið á gerður í styrk, hvort um eins árs eða fleiri ára jarðvinnslu á sáðsléttu væri að ræða. Þetta er hvorki sanngjarnt né heppilegt fyrir ræktun landsins. Er því lagt til, að styrkurinn fari stighækkandi fyrir hverja ársjarðvinnslu. Má þá sá í flagið höfrum eða byggi meðan á ræktuninni stendur, eða rófum eða jarðeplum, og ætti þá matjurtagarðastyrkur að fást strax, en afgangurinn þegar sáðsléttan er fullunnin.

Menn gætu litið svo á, að þar sem sýndir eru þvilikir yfirburðir sáðsléttuáðferðarinnar fram yfir aðrar sléttunaraðferðir, þá beri eingöngu að styrkja þá áðferð. Þetta er þó eigi lagt til. Í töðugóðum tünnum og beztu valllendismóum smáþýfðum getur græðisléttunaraðferðin átt rétt á sér, einkum meðan menn hafa eigi almennt vanizt sáðsléttunaraðferðinni til hlitar.

Jafnvel þaksléttunaraðferðin getur sumstaðar komið til greina, þegar hægt er að vinna að ofanfristunni af heimilismönnum á þeim tíma, er ekkert annað kallar að og annari jarðræktarvinnu verður ekki við komið. Er því lagt til, að fyrir hana verði veittur sami styrkur sem veittur var eftir eldri jarðræktarlögunum.

Hinsvegar þykir sjálfsagt að örva menn sem mest til að gera vandaðar sáðsléttur,

með því að sú vinnsluáferð á án efa framtíðina fyrir sér, eigi sízt er oss lærist betur að nota sáðskipti eins og aðrar þjóðir.

Jafnframt þykir réttmætt að veita þeim bændum, sem áður hafa notað ódýrari túnasléttunaraðferð og því ekki náð fullum árangri af ræktuninni, styrk til að endurbæta tún sín með fullkominni **endurræktun**. Er því lagt til að veita styrk fyrir slíka endurræktun, svo að sá styrkur ásamt fyrri styrk nemi samtals þeim styrk, sem er veittur fyrir sáðsléttur.

En jafnhliða því, sem frv. þetta gerir ráð fyrir hækkun á styrk fyrir túnasléttun upp í það, sem áður var, og meiri hækkun fyrir vönduðustu sáðsléttunarnar, er hér stefnt að því að skapa **straumhvörf í ræktunarframkvæmdum á þeim býlum, þar sem ræktunin er skemmt komin**. Er því lagt til, að á næstu 10 árum verði veittur 20% viðbótarstyrkur fyrir vandaðar sáðsléttur til þeirra býla, er hafa minni kúgæfan heyskap af véltæku túni eða áveituengi en sem svarar meðaleftirtekju af 6 ha. túni, að dómi Búnaðarfélags Íslands.

Enn er ræktun sveitanna eigi lengra komið en svo, að í flestum sauðfjársveitum a. m. k. mundi það kallast meðaljörð, er hefði 6 ha., eða 19 dagsláttna fullræktað véltækt tún, og nægilegt heitiland, þó aðrar slægjur væru lítilfjörlegar eða litlar. Er því með þessu ákvæði að því stefnt, að hvert byggilegt kot fái orðið að meðaljörð, eftir þeim mælikvarða, sem nú er víðast, en njóti síðan venjulegs styrks til frekari umbóta.

Er þá til þess ætlazt, að er bóndinn fær aflað þessara kúgæfu heyja af véltæku landi, þá gefi heyskapurinn honum meiri tíma afgangis til framhaldsræktunar. Verður sú ræktun þá frekar unnin í heimavinnu manna og hesta, svo að sá áfanginn ætti að verða bóndanum léttari, sem eftir er þangað til hann getur framfleytt öllum þeim búpeningi, er fjölskylda hans þarf til framfæris, á heyjum af véltæku landi. En að því verður að stefna, að svo verði sem víðast.

Ýmsir munu líta svo á, sem réttara mundi að miða þennan viðbótarstyrk við fódurbörf ákveðinnar tölu búpenings á hverjum stað, en hún er sem vitað er mjög misjöfn í héruðum og jafnvel í sömu sveit.

En hvorttveggja er, að vandhæfi mundi á að setja um það reglu fyrir hvert býli, þar sem jafnan „veldur hver á heldur“ og að oft hafa hinar beztu beitarjarðir og fódurléttustu þá galla, er vega þar fullkomlega á móti, svo sem erfiðari fénaðarferð, lakari aðstöðu til samgangna og þar af leiðandi einhæfari markaðsskilvæði.

Hinsvegar eru jarðsæld og góðir landkostir svo mikil verðmæti, að rétt er að veita mönnum aðstöðu til að nota þau gæði landsins sem önnur. Og hefir því þótt réttmætt og raunar sjálfsagt mál, að landkostasveitirnar fram til fjalla og úti á anesjum fengju a. m. k. að þessu leyti sama rétt til að njóta sinna gæða sem þær sveitir, er meira hafa úr býtum borið í vegafraumlögum og annari aðstöðu.

Fela verður túnaðarmönnum að gera jafnóðum og þarf þær mælingar, er leiðir af þessu ákvæði, þar til fullkomnar túnamælingar hafa fram farið.

Næst þegar túnamælingar fara fram þarf og að mæla fyrir nauðsynlegri framræslu túna og bezta túnefnis, og jafnframt þurfa uppdættirnar að sýna í aðaldráttum jarðvegsástand túnanna, svo að hafa megi til stuðnings við jarðræktarleiðbeiningar. En allt þetta er svo mikið mál og krefst svo mikils undirbúnings, að eigi þykir fært að bera fram um það frv. að þessu sinni.

En um leið og styrkur til ræktunar er hækkaður þykir ekki verða hjá því komizt að lækka nokkuð **árshámark ræktunarstyrks** til hvers býlis. Er þó styrkur til **framræslu og votheyslööðubýgginga undanþeginn hámarksákvæðum**, svo að framræslukostnaðurinn fæli menn síður frá að taka frjóefnaríkasta landið til ræktunar og til að jafna aðstöðu milli jarða, er hafa mismunandi framræslubörf, og að því er

tekur til votheyslööðubýgginga að skapa eigi misrétti milli héraða, er hafa mjög ólíka þörf fyrir votheyslööður vegna veðráttu.

Þá hefir og þótt rétt að setja með hámarksákvæðum o. fl. **skorður við því, að um of þrengist um ræktunarlönd fyrir verkamenn í kaupstöðum** vegna þess, að einstakir menn leggi þar undir sig of stór ræktunarlönd.

Áburðurinn er grundvallarskilyrði allrar ræktunar. Hina brýnu áburðarþörf má nokkuð marka af því, að þrátt fyrir viðskiptahömlur og gjaldeyrisvandræði hefir innfluttur áburður numið um 500 þús. kr. hin síðari ár, og mun þó áburðarþörfinni alls ekki hafa verið fullnægt sem vera þurfti, ef fé hefði verið fyrir hendi til meiri áburðarkaupa.

Þessi áburðarkaup gætu hinsvegar minnkað að mun, ef hirðing heimafengins áburðar kæmist í það lag, sem vera á, því að búfénaðurinn framleiðir næga fosfór-sýru og kalí til viðhalds allri þeirri ræktun, sem nú er í landinu, og $\frac{2}{3}$ þess köfn-unarefnis, sem ræktun landsmanna þarfnast.

Geymslurúm fyrir nautpeningsáburð landsmanna hefir verið varlega áætlað um 300000 m.³ og fyrir annan áburð er áætlað, að þurfi um 60000 m.³, eða 360000 m.³ samtals, og mun síst of í lagt. Þar af hefir í árslok 1935 verið byggt um 140000 m.³, eða um 38,8% af því, sem nú þarf.

En þess ber að gæta, að í þessu efni hafa sumar sýslur dregizt mjög aftur úr, svo að 8 sýslur eru fyrir neðan 20%, og ein jafnvel neðan við 10%.

Þótt sýnt sé, hver þörf er bráðra umbóta í þessu efni, þykir samt eigi fært að þessu sinni að hækka styrk fyrir aðrar áburðargeymslur en safnþrær, og er hann hækkaður í frv. þessu um kr. 0,50 — kr. 1,50 á m.³ eftir gerð.

Í fáu er ræktun vorri eins tilfinnanlega áfátt sem um nægilega **framræslu**. Áburðurinn og frjóefni jarðvegsins sjálfs notast því illa. Töðufall og fóðurgildi verður miklum mun minna, og jarðabæturnar endast verr.

Árin 1921—1933 hefir aðeins 28,5% af nýræktinni verið framræst, og af öllu ræktuðu landi er aðeins um 7% ræst fram. Svo rammt kveður að víða, að allmikill hluti töðunnar getur ekki talizt kúgæft afurðafóður, vegna ónógrar framræslu.

Á þennan lið ræktunarinnar verður því að leggja hina mestu áherzlu. Og það því fremur, sem íslenzkt mýrlendi hefir að dómi kunnáttumanna ýmsa mikilsverða kosti til ræktunar fram yfir mýrlendi nágrannalandanna, sem svo miklu er kostað til framræslu á. Í jarðvegsdjúpu mýrlendi eignum vér það ræktunarland, sem minnstu þarf að kosta til áburðar á, ef nógu vel er ræst fram.

Er því í frv. þessu lagt til, að styrkur fyrir opna skurði verði hækkaður um 50 aura á hverja 10 m.³ og styrkur fyrir lokræsi um 30—80 aura á hverja 10 m. eftir gerð.

Vegna hinnar brýnu nauðsynjar landsmanna að verða sjálffærir um framleiðslu garðávaxta, hefir þótt rétt að hækka styrk fyrir **matjurtagarða** um 20 aura á hverja 100 m.² Og til að ýta undir menn um **kornyrkjutilraunir** er öðrum sáðreitum ætlaður sami styrkur.

Eigi þykir rétt að sleppa allri flokkun **girðinga**, svo sem gert er í gildandi jarð-ræktarlögum. Munu netgirðingar með 1—2 strengjum yfir vera um fimmtungi dýr-ari en venjulegar gaddavírgirðingar, þó þeim sé nú ætlaður sami styrkur. Er gadda-vírnun þar gert of hátt undir höfði samanborið við kostnað, og eigi síður ef litið er á þær girðingar frá sjónarmiði mannúðarinnar, þar sem fénaður fer mikið um. Hefir því þótt rétt að miða styrkveitingu fyrir þessar tvær gerðir girðinga meir við stofn-kostnað en gert er nú í lögum, og er því styrkur fyrir vírnetsgirðingar færður í frv. þessu upp í það, sem hann var áður en hin nýju jarðræktarlög voru sett.

Fátt léttir meir starf einyrkjans vetur og sumar en **hlööður** yfir heyfenginn. Og í vangæfri heyskapartíð geta hlööður yfir þurrhey og vothey verið bjargráð.

Hér er því lagt til, að styrkur fyrir þurrheyslögur sé hækkaður um 25—50 aura á m.³ og fyrir steypur votheyslögur ójárnþentar um 50 aura á m.³, en allmiklu meira, ef um vönduðustu gerð er að ræða.

Jafnframt er lagt til, að á vel gerðar votheyslögur úr öðru efni sé og veittur nokkur styrkur. Getur verið rétt að styrkja þá gerð votheystófta, þar sem eigi hafa enn verið tók á að skipa svo vel peningshúsum sem nauðsynlegt er, svo og þar sem illt er um steypuefni, eða efnahagur leyfir eigi dýrari gerð.

Með því að eigi hafa á undanförunum þingum fengizt samþykkt lög um alhliða tilraunastarfsemi í þágu landbúnaðarins, er lagt til í þessu frv., að lögbundið verði árlegt framlag til Bf. Ísl. til kerfisbundinna jarðvegsrannsóknna og tilrauna í hverri grein jarðræktarinnar og í þeim jarðvinnsluaðferðum, er þar að lúta, og séu reglur um gerð og tilhögun styrkhæfra jarðabóta miðaðar við niðurstöður tilraunanna á hverjum tíma.

Eru framhaldstilraunir í þessu efni svo mikið grundvallaratriði í ræktunarmálum landsins, að sjálfsagt þykir, að sett séu ákvæði um þetta í jarðræktarlögum, meðan eigi fást sett lög um alhliða tilraunastarfsemi í þágu landbúnaðarins.

Þá eru í þessu frv. numin burtu þau ákvæði gildandi jarðræktarlaga, sem skerða sjálfsforræði Búnaðarfélag Íslands. Ennfremur þau ákvæði II. kafla laganna, er mestri óánægju valda meðal bændanna, svo sem kvaðir á jarðeignum. Þykir þetta eigi þurfa skýringa.

Í frv. þessu eru nokkru fyllri ákvæði um félagsræktun en nú eru í lögum. Ennfremur um verkfærakaupsjóð og vélasjóð.

Reynt er í frv. þessu að tryggja betur áhrifarétt sveitar- og héraðsstjórna um, hvort jörð skuli svipt jarðræktarstyrk.

Loks eru í frv. sett ýmis ákvæði um erfðaleigulönd, til samræmis við þá reynslu, sem fengizt hefir hin síðustu ár.

Flm. eru að sjálfsögðu reiðubúnir til samvinnu um öflun tekna, eða sparnað á öðrum útgjöldum ríkissjóðs, til móts við þann útgjaldaauka, er tillögur frv. hafa í för með sér.

Athugasemdir um einstakar greinar.

Um I. kafla.

Um 1.—8. gr.

Við kafla þennan eru gerðar þær breytingar, sem samþykktar voru einróma á síðasta búnaðarþingi, og þurfa þær væntanlega ekki skýringa.

Um II. kafla.

Um 9. gr.

Til gleggra yfirlits yfir þær breytingar á jarðræktarstyrk, er felast í frv. þessu frá því, sem nú er eða áður hefir verið, er hér gerður samanburður á styrk fyrir einstakar ræktunarframkvæmdir samkvæmt eldri jarðræktarlögunum og þeim, er nú gilda. og samkv. tillögum frv.

Er í tillögum þessum að mestu fylgt frv. 1. flutningsmanns á undanförunum þingum (sjá Alþt. 1936, A. þskj. 40, bls. 264—269), en meiri hluti búnaðarþings þar svipaðar tillögur fram á síðasta búnaðarþingi.

**Samanburður á styrk samkv. eldri jarðræktarlögum og þeim, er nú gilda,
og samkv. tillögum frv.**

	Eftir eldri jarðr.lögum	Eftir þeim lögum er nú gilda	Eftir frv.
I. a. Þvaggryfjur alsteyptar úr járnbentri steinsteypu	7,50 á m ³	8,50 á m ³	10,00 á m ³
b. — — steyptar með vel tyrfðu járnþaki ..	5,00 — —	5,00 — —	5,50 — —
c. Áburðarhús alsteypt	6,00 — —	7,00 — —	7,00 — —
d. — — steyppt með járnþaki	5,00 — —	5,00 — —	5,00 — —
e. — — og safnþrær úr öðru efni	1,50 — —	1,50 — —	1,50 — —
f. Haugstæði með steypu undirlagi og 1 m. veggjum	„	3,00 — —	3,00 á m ²
II. a. Skurðir, dýpt 1 metri og grynri	1,11 á 10 m ³	1,20 á 10 m ³	1,70 á 10 m ³
b. — — 1 metri til 1,5 metra (1,3 m. áður)	1,25 — — —	1,50 — — —	2,00 — — —
c. — — yfir 1,5 metra (1,3 m. áður)	1,66 — — —	2,00 — — —	2,50 — — —
d. Lokuð grjótræsi, dýpt 1,1 metri og dýpri	1,66 á 10 m	1,70 á 10 m	2,50 á 10 m
e. Viðarræsi — — — — —	1,11 — — —	1,20 — — —	2,00 — — —
f. Hnusræsi — — — — —	0,55 — — —	0,70 — — —	1,00 — — —
g. Pípuræsi — — — — —	1,66 — — —	2,00 — — —	2,50 — — —
III. a. Þaksléttur í nýrækt	2,00 á 100 m ²	1,60 á 100 m ²	2,00 á 100 m ²
b. Græðisléttur í nýrækt	1,66 — — —	1,40 — — —	1,70 — — —
c. Sáðsléttur í nýrækt, eins árs jarðvinnsla	2,50 — — —	2,50 — — —	2,00 — — —
d. — — — — tveggja ára jarðvinnsla ..	2,50 — — —	2,50 — — —	2,50 — — —
e. — — — — þriggja ára jarðvinnsla ..	2,50 — — —	2,50 — — —	3,00 — — —
f. Þaksléttur í túni	2,00 — — —	1,40 — — —	2,00 — — —
g. Græðisléttur í túni	1,66 — — —	1,25 — — —	1,70 — — —
h. Sáðsléttur í túni, eins árs jarðvinnsla	2,50 — — —	2,50 — — —	2,00 — — —
i. — — — — tveggja ára jarðvinnsla	2,50 — — —	2,50 — — —	2,50 — — —
j. — — — — þriggja ára jarðvinnsla	2,50 — — —	2,50 — — —	3,00 — — —
k. Fullkomin endurræktun í túni, sem ekki hefir verið unnið skv. III. d, e, i eða j lið. Þó eigi hærrí en svo, að áður veittur styrkur og endurræktunarstyrkurinn nemi styrk fyrir þriunnar sáðsléttur af beztu gerð	0	0	1,00 — — —
l. Matjurtagarðar og sáðreitir úr óræktuðu landi eða þýfðu túni	1,66 — — —	1,80 — — —	2,00 — — —
m. Grjótnám úr sáðreitum og túni	1,00 á m ³	1,00 á m ³	1,00 á m ³
IV. Girðingar um tún og sáðreiti:			
a. Gaddavírgirðing, fjárheld 1,10 metra og hærrí ..	2,00 á 10 m	2,00 á 10 m	2,00 á 10 m
b. Vírnetagirðing 6 strengja net með 1 gaddavírsstreng	2,50 — — —	2,00 — — —	2,50 — — —
c. — — 5 strengja net með 2 gaddavírsstrengjum	2,50 — — —	2,00 — — —	2,50 — — —
d. Girðingar úr öðru efni, fjárheldar og jafngildar 6 strengja gaddavírgirðingu	} 2,00 — — — { 2,50 — — —	2,00 — — —	2,00 — — —
V. a. Þurrheyshlöður steypptar með steinþaki eða járnþaki	1,00 á m ³	1,00 á m ³	1,50 á m ³
b. — — úr öðru efni	„	0,50 — —	0,75 — —
c. Votheyshlöður úr járnbentri steinst. með járnþaki	1,66 — —	2,50 — —	5,00 — —
d. — — úr ójárnbentri steinst. með járnþaki	1,66 — —	2,50 — —	3,00 — —
e. — — úr öðru efni með járnþaki	0	0	0,75 — —

Ber samanburðartaflan með sér, að aðaláherzlan er lögð á að hækka styrk fyrir túnasléttur upp í það, sem hann áður var, og að styðja sem bezt að framræslu, sem mjög hefir verið vanrækt til þessa.

Nýmæli er það að veita styrk til endurræktar á túnunum og nýrækt, sem ekki hefir verið unnin með fullkominni aðferð, svo að samtals nemi styrk fyrir vel gerða sáðsléttu.

Jafnframt er í styrkveitingum meir miðað við vöndun jarðvinnslu og frágang verksins en áður. Verður að fela trúnaðarmönnum nákvæmt eftirlit í því efni, og eiga reglur þar að lútandi heima í reglugerð.

Þá er og lagt til að hækka styrk til betri hirðingar á verðmætustu eignum áburðarins.

Loks er lagt til, að styrkur til hlöðubygginga, einkum til votheysverkunar, verði hækkaður. Réttmætt þykir og að veita nokkurn styrk fyrir votheyshlöður úr öðru efni en steinsteypu. Er þar þrennt haft í huga: 1. Að eigi er minnst ástæða til þess, að þeir fái styrksins notið, sem fátækastir eru og eigi hafa efni eða aðstöðu til að gera þær steyptar. 2. Að víða er eigi komin sú skipun á byggingar peningshúsa, að rétt sé að einbinda styrkinn nú þegar við steinsteypu. 3. Að víða gæti hentað að hafa votheyshlöður smærri og fleiri, en allar jafnvíðar, og fara síðan að dæmi ýmsra erlendra búhólda, að steypa eigi votheyshlöður í fullri hæð, heldur hafa efsta hlutann, allt að 2 metra, úr flekum, er setja megi saman og taka burt þegar sigið er, og nota þannig sömu flekana á margar steypuþóftir. Er það sparnaður bæði fyrir bændur og ríkissjóð.

Einsætt er, að veita eigi styrk fyrir grjótnám, þar sem grjót er verðmætt til sölu, svo sem sumstaðar er í kaupstöðum.

Um 10. gr.

Þarf eigi skýringa.

Um 11. gr.

Hér er stefnt að því að jafna aðstöðu býlanna innbyrðis, með það fyrir augum að auðvelda svo fyrsta og erfiðasta ræktunaráfangann, að hægja verði um meiri umbætur síðar.

Þess er vænt, að nýbýli í sveit geti, þegar nýbýlastyrk sleppir, komið í tölu jarða samkv. skilgreiningu ábúðarlaga, og nái uppbótarstyrkur því einnig til þeirra.

Sjálfsgætt þykir, að það sé skilyrði fyrir uppbót á styrk, að fullkomlega sé vand- að bæði til undirbúnings á ræktunarlandinu og sjálfrar ræktunarinnar.

Um 12. gr.

Þar sem þess má vænta, að sumar þær sveitir, sem miður eru fallnar til sauðfjarræktar, snúi sér að nautgriparækt eingöngu, þykir rétt að hækka nokkuð hámarksstyrk til áburðargeymslna.

Eigi þykir rétt að setja hámark á styrk til votheyshlöðubygginga. Jafnar það aðstöðu þurrviðra- og votviðrahéraða. Tilraunir sýna og, að fóðra má að miklum hluta á votheysi, ef brýn er þörf.

Þar sem stefnt er að ákveðnu marki um ræktað land hverrar jarðar, en framræksluþörf er mjög misjöfn, þykir eigi rétt að binda styrk til hennar við ákveðna fyrirfram tiltekna upphæð, og er því lagt til, að hámarksákvæðin taki ekki til hennar. Hinsvegar er árshámark til annara ræktunarframkvæmda bundið við 600 kr. á býli, þar til býli hefir fengið 6000 kr. styrk.

Þá þykir og rétt að binda þann styrk, sem býli fær þar umfram, við 300 kr. árs- hámark.

Svo getur staðið á, t. d. er bóndi vill rækta land til undirbúnings fjölbýlis á jörð sinni handa óuppkomnum börnum, að eigi sé réttmætt að svipta jörð hans öllum rétti til framhaldsstyrks, þó að allmikið hafi þegar verið ræktað. Þykir því réttara að lækka heldur árshámarkið verulega, svo sem hér er lagt til.

Eigi þykir réttmætt, að hver einstaklingur í kaupstað hafi jafnan rétt fyrir sig einan og hvert býli, sem hver bóndinn situr fram af öðrum. Og með því að það er fremur tilgangur frv. að styrkja þá kaupstaðabúa, sem hafa stopula atvinnu, til þess að geta haft nokkra ræktun sér til stuðnings og þægilegra og hollara viðurværis, heldur en hitt, að stuðla að stórbúskap á dýru kaupstaðarlandi, þá er hér til varúðar lagt til, að árshámark sé hálfu lægra hjá slíkum einstaklingum en á lögbýlum. Því að venjulega ræktendur í kaupstöðum skiptir það ekki máli, þó að þeir fái ekki hærri ræktunarstyrk á ári en sem svarar styrk fyrir 1 ha.

Um 13. gr.

Þarf eigi skýringa.

Um 14. gr.

Þar sem svo margt er enn ónumið í islenskri jarðvegsfræði og ræktunaraðferðum, þykir nauðsyn að tryggja sem bezt framhaldstilraunir á því sviði, og miða allar reglur um gerð og tilhögun jarðabóta við niðurstöður þeirra tilrauna á hverjum tíma.

Tilraunaráð Búnaðarfélags Íslands var stofnað á síðasta búnaðarþingi, og virðist einsætt, að því sé ætlaður árlegur styrkur í fjárlögum til þeirra tilrauna, sem gerðar verða á vegum þess.

Um 15. gr.

Lagt er til, að þeir ábúendur þjóðjarða og kirkjujarða, sem eigi óska að taka ábúð samkvæmt erfðaábúðarlögum, hafi sama rétt sem þeir, er þess eiga ekki kost. En þar sem styrkurinn hækkar verulega, er haldið sömu hlutföllum sem nú eru.

Um III. kafla.

Rétt þykir að setja ýmis nánari ákvæði um félagsræktun en nú eru í lögum, svo sem um formlega stofnun ræktunarfélaga, samþykktir þeirra og staðfestingu á þeim. Þá hefir og þótt rétt að setja ákvæði um ihlutunarrétt sveitar- og bæjarstjórna, er sérstaklega stendur á. Ennfremur um aðstöðu ræktunarfélags til annara aðilja, er lönd eiga að því landi, sem tekið er til félagsræktunar.

Um 16. gr.

Sveitar- og bæjarstjórnir þykja vegna kunnugleika og annarar aðstöðu sjálf-sagður aðili um að gæta þess, að tryggður sé sá réttur einstakra félagsmanna, er í b-lið getur.

Rétt þykir, að í þessum kafla séu ákvæði, er taki til annarar félagsræktunar en þeirrar, sem bundin er við sameiginleg eignar- eða leiguumráð á landi, m. a. vegna nauðsynlegra ákvæða um afstöðu til annara aðilja (sbr. 20. gr.).

Um 17. gr.

Þarf eigi skýringa.

Um 18. gr.

Rétt þykir að setja ákvæði um samþykktir ræktunarfélaga og að þær séu staðfestar af ráðuneytinu.

Um 19. gr.

Vegna þeirra ræktunarfélaga, sem í miklar framkvæmdir kunna að ráðast, þykir rétt, að félögin séu skrásett.

Um 20. gr.

Rétt þykir, að fram sé tekið, að um þessi efni fari eftir ákvæðum vatnalaganna.

Um 21. gr.

Sveitar- og bæjarstjórnir eru sjálfkjörnar aðiljar, ef hætta þykir á, að ræktunarlönd þau, er í 16. gr. getur, geti við eigendaskipti komið í fárra manna hendur, svo

að þrengist um ræktunarlönd fyrir aðra hrepps- eða bæjarbúa, og er því lagt til, að um þessi lönd gildi sömu ákvæði sem um forkaupsrétt á jörðum.

Um IV. kafla.

Við IV. kafla eru þessar breytingar helztar:

1. Fé verkfærakaupasjóðs skiptist milli hreppabúnaðarfélaga að hálfu eftir lögbýlafjölda, en að hálfu eftir tölu jarðabótamanna í búnaðarfélögum.
2. Styrkhæfum verkfærum fjölgað.
3. Heimilað að veita kvenfélögum styrk til tóvinnuvélakaupa.
4. Ákvæði sett um, að þeir búnaðarfélagar skuli jafnan ganga fyrir um styrkveitingar, er áður hafa fengið minnstan styrk.
5. Ákvæði um, að verkfæri til heimavinnu að ræktun, heyskap og tóvinnu gangi fyrir stærri verkfærum um styrkveitingu.

Um 22. gr.

Í kaupstöðum hafa menn þegar aflað sér þeirra jarðræktarvéla, sem mest eru notaðar. Hinsvegar henta ýmis heimilisverkfæri, svo sem hestaverkfæri, þar miður og eru lítt eða ekki notuð, nema þar, sem einn maður eða fleiri afla sér þeirra til að skapa sér sérstaka atvinnu með þeim í vinnu hjá öðrum, svo sem plægingarmenn við plægingu matjurtagarða, og þeir, er taka að sér vélslátt fyrir aðra sem atvinnu.

Einstaklingunum verður þar of dýrt að eiga sjálfir verkfærin, þó styrk fái, af því að notin verða svo lítil hjá hverjum vegna landsmæðar hjá hverjum einum. Fé hefir því safnast fyrir frá ári til árs í verkfærakaupasjóði hjá sumum kaupstaðabúnaðarfélögum án þess að koma að notum, vegna aðstöðunnar.

Verkfærakaupaþörfin fer því hlutfallslega minnkandi í kaupstöðunum, þó að ræktun haldi þar áfram að aukast.

Í sveitum verða hinsvegar jafnan erfiðleikar á að eiga heimavinnuverkfæri í félagi. En þörfin á þeim vex eftir því, sem fleiri býli ræktast.

Og þar sem tilgangur sjóðsins hefir frá upphafi verið sá, „að létta undir með bændum“, þykir það nær tilganginum að miða við tölu lögbýla en félagatölu, sem ekki er einu sinni bundin við neinar landsnyttjar eða þátttöku í ræktun.

Er hér því lagt til, að hlutdeild hvers búnaðarfélags í fé verkfærakaupasjóðs fari að hálfu eftir tölu lögbýla og að hálfu eftir tölu jarðabótamanna ár hvert, en ekki að nokkru eftir félagatölu, eins og nú er í lögum.

Um 23. gr.

Réttmætt þykir að heimila, að kvenfélögum sé veittur styrkur til tóvinnuvélakaupa, og eru þar einkum hafðar í huga handspunavélar, sem vel hentar, að menn eigi í félagi. Mun þá eigi lakar lánast um fjáröflun til vélakaupanna og félagsnotkun þeirra síðar, að slík sameign sé í höndum kvenfélaga en búnaðarfélaga.

Að sjálfsögðu tekur 26. gr. til þessa ákvæðis.

Um 24. gr.

Auk þeirra verkfæra og véla, sem styrkur er nú veittur til að lögum, er og lagt til, að styrkur verði veittur til kaupa á verkfærum til grjótnáms, forardælum og múgavélum.

Að því mun geta komið í búnaðarfélögum, þar sem hver bóndi vinnur árlega að jarðabótum, að hver þeirra um sig hafi fengið 400 kr., eða hámarksstyrk samkv. gildandi lögum, til verkfærakaupa, þó enn bætist við séreign félagsins í verkfærakaupasjóði, enda mun þá, með verkfæraverði nú, vanta um 700 kr. til, að hver bóndi hafi fengið þann styrk, sem heimilt er að veita til kaupa á heimavinnuverkfærum samkv. gildandi lagaheimild, ef eigi væri svo bundið hámarkið.

Liklegt má telja, að eitthvað af þeim verkfærum, sem ungur bóndi kaupir í byrjun búskapar, geti, m. a. vegna framfara í tækni og vélagerð, talizt ónothæft áður en hann hættir búskap, þó að verið hafi á sínum tíma af fullkomnustu gerð.

Þykir því eðlilegra, að í stað hámarksákvæðis þess, sem nú er í lögum, komi almennt ákvæði um, að þeir bændur skuli jafnan ganga fyrir um styrkveitingar til verkfærakaupa, er áður hafa fengið minnstan styrk. Verður að treysta Bf. Ísl. um eftirlit í því efni, og geta nánari ákvæði um það átt heima í reglugerð.

Um 25. gr.

Þykir rétt að styðja að því, að jarðabótavinnan geti að sem mestu leyti orðið heimavinna manna og hesta með verkfærum, sem heimilið á og gripið verður til þegar bezt hentar. Er því ætlað til, að þau verkfærakaup gangi um styrkveitingar fyrir öðrum dýrari félagsverkfærum, sem orðið hafa sumum búnaðarfélögum allfjárfrek um rekstur og viðhald, m. a. vegna hinna dýru og erfiðu milliflutninga, þar sem eigi er því betri aðstaða.

Um 26.—28. gr.

Þurfa eigi skýringa.

Um V. kafla.

Þar sem eigi verður komizt hjá miklum halla af kaupum á nýjum vélum til tilrauna og af starfrækslu þeirra meðan á tilraununum stendur, þykir eigi verða hjá því komizt að ætla vélasjóði nokkurt rekstrarfé í fjárlögum.

Um 29.—37. gr.

Þurfa eigi skýringa.

Um VI. kafla.

Búferlaf lutningur að opinberri tilhlutan tekur svo mjög inn á atvinnusvið þeirra bænda, er fyrir verða, að gæta verður allrar varúðar áður en þau ráð eru tekin. Verður að treysta sveitarstjórnnum bezt til að gæta réttar einstaklinga og heildar í því efni, og því þykir rétt að veita sveitar- og héraðsstjórnnum meira vald um þessi mál en nú er í lögum.

Það þykir og sanngjarnt, að ábúandi jarðar, sem svipt hefir verið jarðabótastyrk, fái nokkru meiri bætur en nú er í lögum fyrir skaða sinn, og þó einkum meiri tryggingu fyrir því, að fjölskylda hans fái fremur upp borið kostnað hans við stofnun nýbýlis, ef hann sjálfur fellur fljótlega frá eftir stofnun þess.

Um 38. gr.

Þarf eigi skýringa.

Um 39. gr.

Þar sem nauðsynlegt getur verið, að haldið sé við byggð á afskekktum jörðum vegna gistingar fyrir ferðamenn eða vegna síma- og vega-efirlits, þykir rétt, að leitað sé álits vegamálastjóra og póst- og símamálastjóra, áður til þess er stofnað, að jörð sé lögð í eyði að opinberri tilhlutan.

Af sömu ástæðum m. a. þykir og rétt, að málið komi einnig til umsagnar sýslunefndar áður en felldur er fullnaðarúrskurður.

Um 40. gr.

Það getur skipt lítið sveitarfélag svo miklu, ef stefnt er til eyðingar eins eða fleiri býla innan hreppsins, að eigi þykir fært, að jörð sé svipt jarðræktarstyrk gegn tillögum hreppsnefndar og sýslunefndar.

Um 41. gr.

Lagt er til, að rikissjóður greiði að fullu mismun fasteignamatsverðs og söluverðs að mati úttektarmanna, ef lægra er. Þykir rétt, að úttektarmenn meti, því að

fara má í kringum núgildandi ákvæði. Rétt þykir, að kveðið sé á um, að hvers dómi nýbýlisland skuli vera nægilegt, og ætti Bf. Ísl. að vera þar um réttur dómari.

Sýnt er, að fjölskylda ábúanda ber skarðan hlut, ef hann fellur frá, er hann hefir stofnað nýbýlið og kona hans er dáið eða má eigi við bú haldast. Er því lagt til, að niðji hans njóti sama réttar það sem eftir er þess tíma, er ætla má, að lifstiðarábúð taki að jafnaði.

Um VII. kafla.

Í þessum kafla eru all margar breytingar frá því, sem nú er í lögum. Miða sumar þeirra að því að tryggja rétt heildarinnar, svo sem um rétt bæja og kauptúna til leigulands, sem síðar þarf á að halda undir byggingarlóðir, ef byggð vex örar en fyrir varð séð. Aðrar breytingar lúta hinsvegar að því að styrkja aðstöðu einstakra ræktenda, t. d. ef leiguhafi ræktunarlands fær eigi af einhverjum ástæðum ræktað það, sem tilskilið er á ári hverju.

Þá hefir og þótt ástæða til að setja nánari ákvæði um nokkur þau atriði, er reynsla síðari ára í þessu efni gefur tilefni til, svo sem um viðhald ræktunarmannvirkja á erfðaleigulöndum og rétt sveitar- og bæjarstjórna, ef vanefndir verða.

Um 42. gr.

Það er meginhugsun kafla þessa, að ræktunarlönd þau í kauptúnum og kaupstöðum, sem eigendur ekki rækta sjálfir, komist í eign hrepps eða bæjarfélags til sundurskiptingar á erfðaleigu. Og er hreppsnefndum og bæjarstjórnnum veitt sérstök aðstaða til þess að festa sér slík lönd, ef þau eru í einstaklingseign og fást eigi leigð til ræktunar á erfðaleigu með góðum kjörum. Þykir því rétt að miða fyrirmæli þessarar greinar við þau ræktunarlönd, sem í opinberri eign eru, enda mundi ella of nærri gengið ákvæðum stjórnarskrárinnar, a. m. k. á meðan ekki eru sett almenn lagaákvæði um hámarksleigu á jörðum, lóðum og lendum.

Um 43.—44. gr.

Purfa eigi skýringa.

Um 45. gr.

Rétt þykir, að um heimild bæjar- og sveitarstjórna til að taka land leigu- eða eignarnámi til ræktunar séu fyrirmælin hliðstæð ákvæðum 81. gr. vatnalaganna, þannig að heimild frá ráðherra þurfi til leigu- eða eignarnáms í hvert sinn, þegar Búnaðarfélag Íslands telur nauðsyn bera til.

Varhugavert þykir að gefa slíka almenna eignar- eða leigunámsheimild, ef landið er í öðrum hreppi eða lögsagnarumdæmi og hreppsnefnd þar mótmælir. Gæti þar verið of opin leið til að ganga á rétt annara sveitarfélaga, og þykir því rétt, að þar verði sérstök lagaheimild að koma til í hvert sinn.

Um 46. gr.

Það gæti leitt til óafsakanlegs misréttis, ef gefin væri ótakmörkuð eignar- eða leigunámsheimild á öllu landi jarða í nánd við kauptún eða kaupstaði, svo að ábúendur þeirra væru ef til vill alveg sviptir atvinnuástöðu sinni. Þykir því eigi rétt, að hin almenna eignarnáms- og leigunámsheimild nái lengra en svo, að ábúanda eða eiganda slíkrar jarðar sé eftir sem áður tryggð aðstaða til búrekstrar framvegis á jörðinni, að dómi Bf. Ísl., en ella verði sérstök lagaheimild að koma til.

Um 47. gr.

Sjaldnast mundi liggja fyrir fasteignamat á hverri skák, þegar gera þarf erfðaleigusamning. Verður því að fara fram sérstakt mat á landinu, er getur verið mismunandi eftir legu, væntanlegum framræslu- eða grjótnámskostnaði og öðrum aðstöðumun milli skáka innbyrðis, er eigi kemur fram í hinu almenna fasteignamati. Virð-

ist því sérstakt mat í hvert sinn eða á samskonar löndum verða réttlátastur mælikvarði við ákvörðun afgangjalds.

Þar sem hrepps- og bæjarfélög munu að jafnaði verða að taka lán til ræktunarmannvirkja á erfðaleigulöndum, þykir ekki fært að setja hámark mannvirkjagjalds lægra en 5%, sbr. vexti Ræktunarsjóðs, enda mundi óviða að vænta stórra framlaga af þeirra hendi ella.

Um 48. gr.

Þarf eigi skýringa.

Um 49. gr.

Rétt þykir, að leiguhafa sé gert að skyldu í upphafi að láta erfðaleiguland af hendi, ef byggð vex svo, að nauðsyn sé á landinu til sundurskiptingar í byggingarlóðir; ella gæti óeðlileg verðhækkun af hlotizt. En tryggja verður leiguhafa jafnframt endurgjald fyrir leiguréttindi og kostnað við ræktun og önnur mannvirki betur en nú er í lögum.

Um 50. gr.

Þarf eigi skýringa.

Um 51. gr.

Staðið getur svo á, að leiguhafi geti eigi eitthvert ár ræktað $\frac{1}{10}$ erfðaleigulands síns, vegna sjúkdóms eða annara óviðráðanlegra atvika það ár, og tekur þetta einkum til verkamanna og annara, sem minnst hafa efnin.

Er þá ósanngjarnt, að leiguhafi missi fyrir það erfðaleiguréttinn bótalaust, eins og nú er í lögum. Auk þess verður vandaðri fullnaðarræktun oft vart við komið fyrir en á 3.—4. ári. Þykir því rétt að miða við, að $\frac{1}{10}$ ræktunarmannvirkjanna sé unninn á ári hverju að meðaltali, þegar framræsla, grjótnám og annar undirbúningur er meðtalinn. Heimilað er og málskot til Búnaðarfélags Íslands.

Þá þykja það og allharðir kostir, ef leiguhafi hefir lagt í mikinn kostnað, að leigusali greiði honum alls ekkert fyrir unnin mannvirki, ef hann er sviptur réttindum sínum. Þykir því ekki mega minna vera en að leiguhafi fái endurgreiddan helming ræktunarkostnaðar, að frádreginni fyrningu, ef leigurétturinn er af honum tekinn.

Um 52. gr.

Allviða er mjög áfátt viðhaldi ræktunarmannvirkja á erfðaleigulöndum, einkum framræsluskurða. Geta vanefndir í því efni eigi aðeins valdið leiguhafanum sjálfum tjóni, heldur og öðrum, er lönd eiga í nánd.

Er því nauðsyn að tryggja rétt hreppsnefnda og bæjarstjórna til aðgerða á kostnað leiguhafa, ef eigi verður á annan veg ráðin bót á.

Um 53. gr.

Þarf eigi skýringa.

Um VIII. kafla.

Um 54. gr.

Eigi þykir ástæða til að setja hér refsíákvæði um brot starfsmanna Búnaðarfél. Íslands gegn öðrum reglum, sem þeim eru settar í erindisbréfi, en þeim, sem settar eru vegna laga þessara, og er því lagt til, að þessu sé breytt.

Um 55.—56. gr.

Þurfa eigi skýringa.